

Jafnréttisáætlun Pálmholts 2019-2021

Jafnréttisáætlun Pálmholts á við starfsfólk, foreldra og börn skólans. Hún nær til jafnréttis kynjanna samkvæmt lögum nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, auk þess sem hún tekur til annarra skilgreindra hópa sbr. jafnræðisreglu stjórnsýslulaga nr. 11/1993. Hún tekur einnig mið af Jafnréttisstefnu Akureyrarbæjar 2016-2019 þar sem segir:

„Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna“

Lögð er áhersla á að komið sé fram við allt fólk af virðingu og á uppbyggilegan hátt og lagst gegn hvers konar mismunun. Lögð er áhersla á að í leikskólanum sé unnið gegn viðhorfum sem leitt gætu til aðstöðumunar vegna kyns, kynþáttar, trúarbragða, uppruna, fötlunar og kynhneigðar.

Jafnréttisáætlun Pálmholts er í starfsmannahandók leikskólans og er kynnt starfsfólki þegar það hefur störf. Þá er hún einnig sýnileg á heimasíðu leikskólans. Foreldrar geta kynnt sér stefnuna á heimasíðu skólans undir linknum Skólastarfið – áætlanir og mat. Jafnréttisáætlunin er endurskoðuð á þriggja ára fresti.

Meginforsendur Jafnréttisáætlunar Pálmholts eru:

Að stuðla að jafnrétti kynjanna og leggja grunn að velferð einstaklinga, fjölskyldna, atvinnulífs og samfélagsins alls. Öllum er lýðræði mikilvægt og því er eðlilegt að þátttaka beggja kynja í stefnumótun og ákvarðanatöku sé sem jöfnust og sjónamiðum þeirra gert jafn hátt undir höfði. Samfélagið þarf á starfskröftum kvenna og karla að halda og er það sjálfssögð krafa að kynin hafi jafnan rétt í samfélaginu sem hefur áhrif á hag og vellíðan fjölskyldna og annarra einstaklinga.

Stefna Pálmholts í jafnréttismálum

Megin markmið:

- Að stuðla að jafnrétti kynjanna á sem viðtækustum grunni og í öllu starfi
- Að koma fram við alla kennara, starfsmenn, foreldra og nemendur af virðingu.
- Lögð er áhersla á að hafa kynjasamþættingu að leiðarljósi við skipulagningu og mótun stefnu skóla.
- Leggja skal áhersla á góðan staðblæ, sem hvetur til góðra og skapandi verka.



Starfsfólk

Þess er gætt að í öllum starfsháttum skólanna og daglegri umgengni við starfsfólk að þeim sé ekki mismunað á grundvelli kynferðis, fötlunar, kynþáttar og/eða annarra félagslegra þátta og leitast er við að mæta þörfum allra. Stuðlað er að góðum starfsanda sem hvetur til góðra og skapandi verka.

Mannaráðningar/launagreiðslur:

Meirihluti starfsfólks skólans eru konur. Við nýráðningar verður reynt að jafna kynjahlutfall starfsfólks og tryggja að konur og karlar njóti jafnréttis.

Markmið okkar er að:

- konur og karlar hafi sömu möguleika við mannráðningar.
- auglýsingar höfði til beggja kynja.
- Jafna hlutfall kvenna og karla í störfum innan skólans.
- konum og körlum sé greidd jöfn laun og þau njóti sömu kjara fyrir jafnverðmæt störf.
- öll störf innan skólans njóti virðingar

Aðgerð: Þegar ráðið er í störf í leikskólunum skal unnið að því að jafna kynjahlutfall í starfsmannahópnum. Bæði karlar og konur eru hvött til að sækja um. Standi valið á milli jafnhæfra umsækjenda af gagnstæðu kyni skal sá ráðinn sem er af því kyni sem er í minnihluta í viðkomandi starfsgrein hjá bænum. Vísað er til *Verklagsreglna vegna ráðninga stjórnenda og annars starfsfólks m.t.t. kynjasjónarmiða* um nánari leiðbeiningar. Einnig skal kanna möguleika á sértækum aðgerðum til að rétta kynjahalla í störfum. Reglulegar launakannanir.

Ábyrgð: Skólastjóri, Starfsmannstjóri, launadeild og jafnréttisfulltrúi.

Tímarammi: Auglýst störf. Ávallt.

Endurmenntun/símenntun:

Starfsfólki skólans er veitt tækifæri til endurmenntunar og fá hvatningu frá skólastjóra ár hvert til að nýta sér endurmenntunarsjóði sína. Skólinn leggur sitt af mörkum til símenntunar og starfsþjálfunar.

Markmið okkar er að:

- konur og karlar hafi möguleika til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar.
- Konur og karlar njóti sömu möguleika til að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings fyrir önnur störf.

Aðgerð: Stjórnendur skulu stuðla að því að þeir og aðrir starfsmenn njóti sömu möguleika á endurmenntun óháð kyni og starfsaldri. Símenntunaráætlun fyrir skólann ár hvert.

Ábyrgð: Stjórnendur.

Tímarammi: Þegar við á. Árlega skal meta eftir starfsmannasamtöl vilja starfsfólks til endurmenntunar og reyna að fremsta megni að koma á móts við alla. Gerð er símenntunaráætlun fyrir skólann ár hvert

Samræming starfs og einkalífs:

Litið er á feður og mæður sem jafngild í foreldrahlutverkinu og þeim gert kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu eins og mögulegt er svo það komi ekki niður á starfsemi skólans.

Markmið:

- Að starfsfólki sé gert kleift að samræma starfsskyldur og ábyrgð gagnvart fjölskyldunni.

Aðgerð:

- Starfsfólki er veitt leyfi til að sinna s.s. samtölum og heimsóknum í skóla barna sinna auk þess að sinna ábyrgð er varðar veikindi og heimsóknir til lækna eða annarra sérfræðinga.
- Starfsfólk er hvatt til að deila ábyrgð með maka sínum ef við á.

Ábyrgð: Stjórnendur veita leyfi. Starfsfólk skráir fjarverur samviskusamlega í Vinnustund með skýringum þar sem við á.

Tímarammi: Ávallt.

Samstarf heimilis og skóla

Litið er á feður og mæður sem jafngild í foreldrasamstarfinu. Starfsfólk er meðvitað í samskiptum við foreldra/forráðamenn um að eiga í góðum samskiptum óháð kyni, kynferði, fötlun og/eða annarra félagslegra þátta. Hugað er að upplýsingaflæði til foreldra t.d. sem ekki tala íslensku með þýðingum og túlkajónustu.

Markmið okkar er að:

- eiga í góðum samskiptum og stuðla að jafnvægi í samskiptum við alla foreldra/forráðamenn.
- hafa skal samband jafnt við báða foreldra þegar þarf að ræða málefni barna til dæmis vegna veikinda þeirra og foreldrasamtala.
- að báðir foreldrar fái upplýsingar um starf skólans og gengi barnsins.
- afnema staðalímyndir kynnjana með jafnri þáttöku beggja kynja í ráðum og nefndum.
- auglýsingar og kynningarefni skólans höfði til beggja kynja

Aðgerð: Öll bréf, póstar og skilaboð séu send á báða foreldra/forráðamenn og þeir hvattir til þátttöku á fundum, samtölum og öðru sem skiptir skólagöngu barnsins máli. Að fá upplýsingar frá foreldrum um hvernig þeir vilja haga samskiptum við skólann, sérstaklega þegar barn býr ekki hjá báðum foreldrum. Hvetja foreldra/forráðamenn af báðum kynjum til samstarfs í ráðum og nefndum með auglýsingum og tölvupóstum. Veitt er túlkajónusta og leitast er við að þýða mikilvægar upplýsingar.

Ábyrgð: Skólastjórar, Kennarar og leiðbeinendur.

Tímarammi: Ávallt.

Nemendur

Í Aðalnámskrá er jafnrétti skilgreint sem einn af grunnþáttum menntunar og eiga öll börn að hafa sem víðtækasta og jafnasta möguleika. Komið er eins fram við alla nemendur, óháð kyni, fötlun, kynferðis og/eða annarra félagslegra þátta. Nemendur fá fræðslu um jafnréttismál og lögð er áherslu á fjölbreytni í kennslu og námsgögnum er til að vekja áhuga og mæta þörfum hvers og eins.

Markmið okkar er að:

- jafnréttissjónarmiða sé gætt við inntöku barna.
- hafa sem jafnast hlutfall drengja og stúlkna í hverjum hópi, eftir því sem kostur er.
- Leikefni, viðfangsefni, kennslu- og námsgögn höfði til allra barna.
- Kennsluhættir séu fjölbreyttir og að kennslu- og námsgögn ali ekki á staðalmyndum þar sem konur eru sýndar í hefðbundnum kvennastörfum og karlar í hefðbundnum karlastörfum.
- að ýta undir skoðanafrelsi.
- öll börn fái jafnréttisfræðslu þar sem bæði kynin eru undirbúin til jafnrar þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi.

Aðgerð: Jafnréttismenntun og mannréttindi eru ávallt samofin öllu skólastarfinu. Starfsfólk leitast við að kynna fyrir börnunum öll störf í þjóðfélaginu á jafnréttisgrundvelli óháð kyni. Starfsfólk ýtir undir þátttöku allra barna og veita þeim tækifæri til að tjá sig og koma skoðunum sínum á framfæri. Við innkaup er leitast við að kaupa fjölbreyttan efnivið sem höfðar til ólíkra einstaklinga.

Ábyrgð: Stjórnendur og starfsólk í öllu starfi, alla daga.

Forvarnir

Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni.

Kynbundið ofbeldi, kynbundin og kynferðislega áreitni líðst ekki í Pálmholti og á það við um alla, jafnt börn sem fullorðna. Verði einhver fyrir slíkri framkomu hefur sá hinn sami rétt til að tilkynna háttsemina til skólastjóra, viðkomandi deildarstjóra eða öryggisráðgjafarmanns.

Skilgreining á kynbundnu ofbeldi, kynbundnu áreiti og kynferðislegu áreiti sbr. lög um jafna stöðu og jafna rétt kvenna og karla nr. 10/2008,2.gr:

Kynbundið ofbeldi: Ofbeldi á grundvelli kyns sem leiðir til eða gæti leitt til líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi.

Kynbundið áreitni: Hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi.

Kynferðisleg áreitni: Hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg.

Markmið okkar er að:

- að starfsfólk sé vel upplýst um viðbragðsáætlun gegn kynferðislegu/kynbundnu áreiti
- sýna hverju öðru virðingu og samheldni

Aðgerð: Stuðla skal að því að stjórnendur, kennarar og aðrir starfsmenn skólans fái fræðslu um skilgreiningu á kynbundnu og kynferðislegu áreiti. Starfsfólk geri með sér sáttmála um framkomu og hann sé aðgengilegur öllum.

Ábyrgð: Stjórnendur og starfsfólkið allt.

Tímarammi: Ávallt skal sýna virðingu í samskiptum. Leikskólinn Pálmholt vinnur eftir ákveðnu ferli við úrlausn mála og skal bregast við hratt og örugglega ef upp kemur tilkynning um brot. Fræðsla í starfsþróunarsamtölum og á starfsmannafundi að hausti.

Einelti

Einelti líðst ekki í Pálmholti og á það við um alla, jafnt börn sem fullorðna. Í upphafi skólagöngu barnsins hefst forvarnarstarf gegn einelti með opnum og jákvæðum samskiptum á milli heimilis og skóla. Samskipti barna innbyrðis og hvernig þeim er háttað skipar stórt hlutverk í forvarnarstarfi gegn einelti. Öll áhersla á vináttu og vinatengsl er mikilvæg. Þá er áhersla leikskólans á uppbyggingu jákvæðrar sjálfsmyndar barns mikil forvörn því ef barnið hefur sterka sjálfsmynd ætti það að vera betur í stakk búið ef það lendir í eða verður vitni að einelti.

Í Reglugerð um aðgerðir gegn einelti á vinnustað nr. 1000/2004 er einelti skilgreint á eftirfarandi hátt:

„ Ámælisverð eða síendurtekin ótilhlýðileg háttsemi, þ.e. athöfn eða hegðun sem er til þess fallin að niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna eða ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að. Kynferðisleg áreitni og annað andlegt eða líkamlegt ofbeldi fellur hér undir. Hér er ekki átt við skoðanaágreining eða hagsmunaárekstur sem kann að rísa á vinnustað milli stjórnanda og starfsmanns eða tveggja eða fleiri starfsmanna enda leiði slíkur skoðanaágreiningur eða hagsmunaárekstur ekki til þeirrar háttsemi sem lýst er hér að framan.“

Einelti getur átt sér stað hjá börnum sem og fullorðnum:

- Barn eða börn leggja barn í einelti
- Kennari leggur barn í einelti
- Foreldrar og þeirra barn leggur barn í einelti
- Starfsmaður/starfsmenn leggja starfsmenn í einelti

Markmið okkar er að:

- starfsfólk, foreldrar og aðrir séu upplýstir um forvarnarstefnu Pálmholts.
- starfsfólk, foreldrar, börn og aðrir komi fram við hvert annað af virðingu.
- Starfsmenn þekki einelti þegar það á sér stað.
- börn fá kennslu og að æfa sig í mannlegum samskiptum.
- kennarar séu meðvitaðir um samskipti barna og bregðist við ef þeir verða varir við einelti í barnahópnum sem byrjar oft í smáum og duldum atvikum.

Aðgerðir í forvörnum: Við ráðningu og á haustfundi ár hvert fær starfsfólk upplýsingar um forvarnarstefnu Pálmholts og að einelti eða önnu ótilhlýðileg háttsemi er óheimil og öllum beri að tilkynna strax ef þeir verða uppvísir af brotum. Með eineltisforvarnastefnu Pálmholts er tryggt að starfsmenn þekki einelti þegar það á sér stað og vita að tilkynna aber öll brot til stjórnenda, öryggisráðgjafarmanns, trúnaðarmanna eða annarra sem viðkomandi treystir. Munu þeir aðilar aðstoða starfsmanninn við að leita réttar síns og sinna úrlausn málsins í

samvinnu við þolanda, geranda/gerendur og sérfróða aðila ef þurfa þykir. Börn og foreldrar fá fræðslu um einelti og hvattir til að segja frá ef þeir verða uppvísir að broti.

Aðgerðaráætlun ef tilkynnt er um einelti:

- Starfsmenn ræði einkenni ef þau koma upp og viðurkenni einelti.
- Allir starfsmenn eiga að bregðast við ef þeir fá minnsta grun um að einelti eigi sér stað í skólanum.
- Ef um einelti er að ræða tekur ákveðinn starfsmaður málið að sér, safnar upplýsingum og heldur utan um þær.
- Starfsmaðurinn greinir eineltismálið og skráning gegnir þar lykilhlutverki (þ.e. hver er gerandi, tíðni, við hvaða aðstæður á eineltið sér stað, hvernig birtist það o.s.frv.)
- Að skráningum loknum komi starfsmenn sér saman um ákveðin viðbrögð bundin aðstæðum.
- Mikilvægt er að taka á málum beggja aðila, geranda og þolanda.
- Við úrlausn í málefnum barna er nauðsynlegt að haft sé gott og opið samstarf við foreldra.
- Nauðsynlegt er að greina með skráningum hvort eineltið hafi verið upprætt.
- Mat á árangri á upprætingu eineltis skal miðast við hvert mál sem upp kemur

Ábyrgð: Stjórnendur og starfsfólkið allt.

Tímarammi: Ávallt skal sýna virðingu í samskiptum. Leikskólinn Pálmholt vinnur eftir ákveðnu ferli við úrlausn eineltismála og skal bregast við hratt og örugglega ef upp kemur tilkynning um brot..Fræðsla í starfsþróunarsamtölum og á starfsmannafundi að hausti. Kennsla fer fram og æfingar í mannlegum samskiptum t.d. með notkun námsefnisins Stig af stigi, tilfinningamyndir eru nýttar og dæmisögur þar sem börnin fá tækifæri til að tjá sig á opinn hátt.

Drífa Þórarinsdóttir, skólastjóri Pálmholts
30. September 2019